

nesi um Berufjarðarströnd að Berufirði. Lína frá Arngerðareyri til Melgraseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að Höfða í Aðalvík, frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurbreppi. Lína frá Búðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálmum að Haukadalsdal. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti. Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum. Lína frá Arnarstapa í Breiðavíkurbreppi um Saxhól að Hjallasandi. Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Lína frá Breiðavík við Reyðarfjörð um Víkurheiði að Krossanesi. Lína frá Siglufirði að Siglunesi. Lína frá Egilsstöðum á Völlum um Ekkjufell að Birnufelli.

## 2. gr.

Orðin „og þaðan að Ármúla og Grunnavík“ í lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, falli niður.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*

## L Ö G

um

### lánsheimild fyrir ríkisstjórnina.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*G j ö r u m k u n n u g t:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði allt að 12000000 — tólf miljóna — kr. lán.

39  
14. júní

39  
14. júní

## 2. gr.

Láni því, er í 1. gr. getur, er stjórninni heimilt að verja eftir því, sem með þarf samkvæmt ákvörðun eftirtaldra laga:

Laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Laga nr. 35, 7. maí 1928, um Byggingar- og landnámssjóð.

Laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun sildarbræðslustöðva.

Laga nr. 66, 7. maí 1928, um smíði og rekstur strandferðaskips.

Laga nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa.

Fjárlaga 1929, 23. gr. XIII.

Laga nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Laga nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins,

Svo og laga þeirra, sem samþykkt eru á Alþingi 1929, að því leyti sem þau fela í sér heimildir til lántöku.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnason.*

40  
14. júní

## LÖG

um

## stjórn póstmála og símamála.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra póstmála og símamála í landinu.